

40. fundur stjórnar Þekkingarsetursins Nýheima

26. nóvember 2014, kl. 8:30

Mætt: Kristín, Davíð, Ragnhildur, Helga, Zophonías, Árdís, Vala, Þorvarður, Nína.

Forföll boðuðu: Vala, Hrafnkell Guðnason og Nína Síbyl

Fundarstjórn: Þorvarður

Ritari: Ragnhildur

Dagskrá:

1. Starfsáætlun NP: Hvernig er áætlað að ráðstafa framlagi og helstu starfsmarkmið sem unnið er að á næsta ári. Hvernig uppfyllum við samninginn við MMR?
2. Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014 – 2017.
3. Önnur mál

Fundargerð

1. Davíð sagði frá fyrirhugðum fundi hans og Ragnhildar með fulltrúum MMR, 1. des. vegna samningsins um Nýheima. Slíkir fundir munu vera árlegur viðburður. Davíð fór yfir hugmyndir sem fram hafa komið á stefnumótunarfundum stjórnar NP og hann hefur tekið saman. Lögð var áhersla á að setja málin skýrt fram fyrir ráðuneytið þannig að þeir sjái að verið er og einnig að áformað er að vinna verkefni sem tengjast bæði Austur- og Vestur - Skaftafellssýslum. Rætt var um skilgreiningar á Nýheimaverkefnum, ákveðið að við ættum ekki að binda okkur við einhvern lágmarksfjölda þátttakenda, tveir aðilar innan Nýheima geti unnið verkefni en aðalatriðið sé að verkefnið falli undir hugmyndafræði NP.

Rætt var um fjárhagslega stöðu NP og ráðstöfun fjármagns árið 2014. Minnt var á að Sveitarfélagið gaf NP eftir leigu á skrifstofu árið 2014 en á næsta ári mun þurfa að greiða leigu. Lögð var áhersla á að NP þyrftu að fá að starfa á sömu forsendum og önnur þekkingarsetur. Rætt um stöðuna á miðsvæði Suðurlands, áætlað er að ráðið verði í stöðu innan Kötlu Geoparks í janúar á næsta ári. Ákveðið að taka starfsdag til að móta starfsáætlun fyrir næstu ár. Ákveðið að Davíð sendi drög að minnisblaði fyrir fund í ráðuneytinu til stjórnar til frekari úrvinnslu.


2. Farið var yfir aðgerðir sem tilgreindar eru í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014 – 2017. Rætt um sóknarfæri og hindranir sem þar koma fram. Rætt um ábyrgð og aðkomu sveitarstjórna, landshlutasamtaka sveitarfélaga og þekkingarsetra að byggðaþróunarmálum sem og mikilvægi þess að sækja fram á vettvangi landshlutasamtaka Suðurlands.

3. Önnur mál

Ákveðið að næsti fundur sem er síðasti fundur á þessu ári, verði haldinn í Gömlu búð. Tilkynnt var að fjórir styrkir fengust til verkefna á vegum stofnana í NP frá Vinum Vatnajökuls.

Ein NPA umsókn (SAINT) er farin frá Nýheimum og önnur er í vinnslu.

Fundi slitið kl. 9:47
Ragnhildur Jónsdóttir



Ragnhildur Jónsdóttir